

## Ritstjórnargrein

## Um atvinnusjúkdóma

Flestir lækna myndu sér skoðun á því af hverju sjúklingur hefur veikst enda er það hluti af ástæðu þess að sjúklingur leitar til læknis. Að læknir hugleiði hvar og hvernig sjúklingurinn sýktist er vanahugsun, til dæmis þegar um smitsjúkdóma er að ræða, en á einnig við um ofnæmissjúkdóma, lungnasjúkdóma, húðsjúkdóma og fleiri sjúkdóma. Oft eru orsakir sjúkleikans til umræðu í sjúkravitjunum og ýmist á lækni eða sjúklingur frumkvæði að þeim vangaveltum. Atvinnusjúkdómar eru sjúkdómar sem rekja má til vinnuaðstæðna í viðtækasta skilningi. Sumir halda því fram að þær aðstæður hafi maðurinn sjálfur skapað og ráði því yfir þeim og þess vegna sé hægt að koma í veg fyrir veikindi sem stafa af vinnunni. Þessar einfaldanir hafa kallað á að safnað sé upplýsingum um tíðni atvinnusjúkdóma og hvaða forvarnir séu mikilvægastar.

Læknum er ætlað að greina atvinnusjúkdóma. Í menntun lækna er aðaláherslan lögð á greiningu og meðferð sjúkdóma og er hvort tveggja á ábyrgð lækna. Læknum ferst þetta yfirleitt vel úr hendi og njóta sjúklingarnir þess. Hvort sjúkdóma megi rekja til vinnu og vinnuaðstæðna hefur hins vegar ekki verið megin viðfangsefni í menntun eða þjálfun lækna. Atvinnusaga sjúklings er þó hluti af almennri sjúkrasögu og er oft lykillinn að greiningu atvinnusjúkdóma. Stundum er vinna sjúklings og vinnuaðstæður framandi fyrir lækni þannig að hann er ekki einfær um að leggja mat á hvort sjúkdómsframkallandi hættur eru þar og getur þá þurft mat atvinnuhollustufræðings eða annarra til þess að hjálpa til við greininguna.

Alþjóðavinnuálagstofnunin hefur gefið út lista yfir atvinnusjúkdóma til þess að auðvelda skráningu þeirra og samræmingu milli landa (1). Á listunum er upptalning á efnunum, eðlisfræðilegum þáttum og smitefnum sem geta verið á vinnustað og valdið atvinnusjúkdómum. Listarnir eru ekki tæmandi heldur er gert

råd fyrir ótöldum mengunarþáttum sem menn geta orðið fyrir í vinnu sinni og geta valdið sjúkdómum en þeir skuli flokkast sem atvinnusjúkdómar þegar samband mengunar við sjúkdóm er staðfest. Á öðrum listum eru atvinnusjúkdómar taldir upp eftir líffærakerfum og eru það einkum sjúkdómar í öndunarfærum, húðsjúkdómar og sjúkdómar í hreyfi- og stoðkerfi. Á þriðja listanum eru tilgreind atvinnukrabbamein og krabbameinsvaldandi efni og aðstæður á vinnustaðum, og enn sem fyrr er gert råd fyrir að listinn sé ekki tæmandi heldur geti þar einnig átt heima aðrir krabbameinsvaldar í vinnu þegar og ef skaðleg verkun þeirra verður staðfest.

Hér á landi hafa upplýsingar um atvinnusjúkdóma fengist af tilkynningum lækna um grunaða eða staðfesta atvinnusjúkdóma. Tilkynningarnar, á þar til gerðum eyðublöðum, ber læknum að senda héraðslækni sem sendir þær áfram til landlæknis og læknis Vinnueftirlits ríkisins. Vinnueftirlitið heldur nafnleynd á tilkynningunum en reynir að byggja forvarnir á grunni upplýsinga í þeim. Lækna er áhugalausir um þá lagaskyldu sína að tilkynna atvinnusjúkdóma og fá eyðublöð berast á hverju ári (2). Á Norðurlöndum eru tilkynningarnar tengdar almannatryggingum atvinnusjúkdóma og einkatryggingum. Í nágrannalöndum okkar hafa almannatryggingarnar bætt atvinnusjúkdóma betur en aðra sjúkdóma fjárhagslega og hefur það verkað sem hvati á tilkynningar um þá. Vinnuverndarstofnanir á Norðurlöndum hafa tekið saman yfirlit yfir tilkynnta atvinnusjúkdóma (3,4). Þar kemur í ljós að tilkynntir atvinnusjúkdómar eru nú fátíðastir á Íslandi (4). Fjöldi tilkynnta atvinnusjúkdóma hefur þannig endurspeglad nokkuð tryggingasiði í hverju landi um sig (3,4). Þó að tryggingalöggjöfin hér á landi geri råd fyrir sérstökum bótum fyrir atvinnusjúkdóma hafa atvinnusjúkdómar sjaldan, ef nokkurn tímann verið bættir. Þetta getur skýrt af hverju hér heyrir

lítið um atvinnusjúkdóma í almennri umræðu og gerir erfiðara að beita forvörnum. Við fáum því ekki upplýsingar um atvinnusjúkdóma frá almannatryggingunum, sjúklingar hafa ekki hag af því að atvinnusjúkdómar séu rétt greindir og læknað þurfa ekki að leggja sig eins fram við greiningu þeirra. Ekki ber að skilja þessi skrif svo að á hinum Norðurlöndunum komi öll kurl til grafar um atvinnusjúkdóma. Danir hafa til dæmis tvívegis gert athuganir á hve vel tilkynningar um krabbamein sem rekja má til vinnu skila sér og komist að því að ekki hefur dregið úr vanskráningu á atvinnukrabbameini á síðustu árum (5,6). Hér á landi hefur hingað til engin tilkynning borist um atvinnukrabbamein þannig að vandi þessara mála deilist víðar en um ríki Dana.

Hvaða leiðir eru til að fá upplýsingar um atvinnusjúkdóma? Faraldsfræðin er sú fræðigrein sem fjallar um útbreiðslu sjúkdóma meðal fólks og tengsl sjúkleika við ákvarðandi þætti. Faraldsfræðin hefur aðferðir til að mæla tíðni sjúkdóma, einnig atvinnusjúkdóma. Með aðferðum hennar er hægt 1) að finna undirhópa í stærri hópum sem eru í sérstakri sjúkdóma- og slyshættu, 2) að uppgötva hættulega mengun og áhrif hennar, 3) að mæla árangur forvarnaaðgerða á vinnustöðum og 4) að meta skilvirkni kembileita að atvinnusjúkdómum.

Um atvinnusjúkdómana eru til handhægar textabækur (7,8) en sá fróðleikur sem þar er saman dreginn grundvallast einkum, auk almennrar læknisfræðilegrar þekkingar, á faraldsfræðilegum og eiturefnafræðilegum athugunum. Rannsóknir sem hafa að markmiði að athuga tengsl vinnu og heilsufars veita því gleggstar upplýsingar um tíðni og eðli atvinnusjúkdóma.

**Vilhjálmur Rafnsson**  
atvinnusjúkdómadeild  
Vinnueftirliti ríkisins

HEIMILDIR

1. Draft code of practice on recording and notification of occupational accidents and diseases. Geneva: International Labour Organization, 1994.
2. Rafnsson V, Magnússon G, Johnsen S. Skýrsla læknis um meintan atvinnusjúkdóm. Læknablaðið 1983; 69: 172-4.
3. Anmälda arbetssjukdomar i Norden 1985. Köpenhamn: Nordisk Ministerråd, 1989.
4. Anmälda arbetssjukdomar i Norden 1990-1992. Köpenhamn: Nordisk Ministerråd, 1996, (í prentun).
5. Skov T, Mikkelsen S, Svane O, Lyng E. Reporting of occupational cancer in Denmark. Scand J Work Environ Health 1990; 16: 401-5.
6. Danö H, Skov T, Lyng E. Underreporting of occupational cancers in Denmark. Scand J Work Environ Health 1996; 22: 55-7.
7. Ladou J. Occupational Medicine. East Norwalk: Appleton and Lange, 1990.
8. Zenz C. Occupational Medicine. St Louis: Mosby — Year Book, Inc, 1994.